



**Badmintondeild Skallagríms
2023**

Ársskýrsla 2023-2024

Badmintondeild Skallagríms

Ársreikningur er ósamþykktur. Sigríður Bjarnadóttir mun skila honum inn undirrituðum af stjórnarmönnum.

Aðalfundur verður haldin á vordögum, ársskýrsla og ársreikningur verða samþykkt þá.

Stjórn deildarinnar:

Formaður: NN

Meðstjórnandi og ritari: Hildigunnur Þórsdóttir

Gjaldkeri: Anja Mager

Starf félagsins:

Starf deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Fjárhagur er áfram nokkuð sterkur þrátt fyrir að engin fjáröflun hafi verið gerð á árinu.

Þjálfari er áfram Advait Vanarse og leggur hann metnað í æfingar bæði fyrir yngri og eldri iðkendur. Ljóst var í haust að Advait yrði einn að þjálfra og ákvað stjórn því að bjóða eingöngu börnum í 3. bekk og eldri að æfa. Æfingar fara fram tvisvar í viku í Íþróttahúsinu. Iðkendafjöldi í yngri hóp (3.-6. bekkur) eru 21 barn og í eldri hóp (7. - 10. bekk) eru 20 börn.

Æfingar eru yfirleitt vel sóttar. Síðast en ekki síst eru 15 fullorðnir trimmarar skráðir til leiks á Sportabler. Trimmarartímar eru á sínum stað á laugardögum og fjölskyldutímar á sunnudögum.

Þær breytingar urðu á vordögum 2023 að Svala og Bjarney hættu í stjórn deildarinnar og Hildigunnur, Hulda og Anja tóku við. Hulda þurfti því miður að hætta í stjórn um áramót og hefur ekki tekist að finna eftirmann í hennar stað. Hulda fær kærar þakkir fyrir frábærlega vel unnið starf.

Einnig var gert breyting á fyrirkomulag vegna þjálfarans, Advait. Badmintondeild Skallagríms er nú í forsvari fyrir þjálfarann, en um það sá ÍA áður. Hefur þetta í för með sér aukna vinnu við skipulag og utanumhald t.d. vegna húsnæðis, vinnubíls o.fl. Æskilegt væri að koma á betra skipulagi og utanumhaldi um þetta verkefni.

Framtíðarsýn:

Eftirspurn er eftir fleiri æfingatímum sérstaklega fyrir eldri krakkana. Vel tókst til með breytingu á aldursskiptingu hópanna tveggja og stefnt á að halda sama plani inn í næst ár. Trimmarartímar þurfa að fá stað í stundatöflu inni í miðri viku í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi, en að auki mætti hafa trimm í Íþróttahúsinu á Varmalandi. Fjölskyldutímar samræmast sýn heilsueflandi samfélags og verða áfram á dagskrá á sunnudögum ef tímatafla Íþróttamiðstöðvarinnar leyfir. Varðandi keppnir er á döfinni að halda trimmaramót. Stefnt er á að bjóða öllum iðkendum að taka þátt í móti sem fer fram í TBR um miðjan mars.



